


Ísafjarðarbær  
Hafnarstræti 1  
400 Ísafjörður



Isafirði, 8. mars 2023

**Efni: Fyrirspurn um niðurfellingu gatnagerðargjalda fyrir húsið við Kirkjubólsland  
L138012.**

Undirritaður fyrir hönd Aðstaðan sf. Kt. 511285-0549 óskar eftir að bæjarráð endurskoði afstöðu sína um niðurfellingu gatnagerðargjalda sem tekin var á fundi 6. mars sl.

Eins og fram kemur í minnisblaði bæjarritara dags. 3. mars 2023 eru lækkunarheimildir til staðar í 6. grein laga gatnagerðargjald. „... litillar ásóknar í viðkomandi löð...“.

Það er einmitt á þessum forsendum sem óskað er eftir niðurfellingu. Lóðin er á hættusvæði B skv. hættumati, eins og sjá má í 19. grein reglugerðar nr. 505/2000 er einungis heimilt að reisa mannvirk á hættusvæði B sem standast ástreymisþrýsting sbr. töflu, sjá hér að neðan.

19. gr.

*Nýting hættusvæða*

Á hættusvæðum A er heimilt að reisa nýtt ibúar- og atvinnuhúsnaði, svo og skála sem ætlaðir eru til næturgingistar á skíðasvæðum. Skóla, leikskóla, sjúkrahús, samkomuhús, fjölbýlishús með fleiri en 4 ibúum og önnur sambærileg hús er heimilt að reisa enda séu þau styrkt til að standast ástreymisþrýsting, sbr. töflu II.

Á hættusvæðum B er heimilt að reisa ný einbýlishús og fjölbýlishús með allt að 4 ibúum, svo og byggja við skóla, leikskóla, sjúkrahús, samkomuhús, fjölbýlishús með fleiri en 4 ibúum og önnur sambærileg hús enda séu húsin og/eða viðbyggingarnar styrktar til þess að standast ástreymisþrýsting, sbr. töflu II. Heimilt er að reisa atvinnuhúsnaði svo og skála á skíðasvæðum, sem ekki eru ætlaðir til næturgingistar, án kvaða um styrkingar. Nýja skóla, leikskóla, sjúkrahús, samkomuhús, fjölbýlishús með fleiri en 4 ibúum og önnur sambærileg hús er óheimilt að reisa.

TAFLA II.

Ástreymisþrýstingur innan hættusvæða, reiknað sem óhappaálag, kN/m<sup>2</sup>.

	ibúar-, sjúkra- og samkomuhús, skólar, leikskólar og samb. hús	
Svæði	Neðri mörk	Efri mörk
A-hættusvæði	5	20
B-hættusvæði	20	90

Ekki eru miklar líkur á að byggð verði húsnæði á þessu svæði sem uppfyllir þessar kröfur, eins og fram kemur í reglugerðinni skulu slík hús steinsteypt með steyptri loftaplötu. Þó er

heimilt að reisa atvinnuhúsnæði sem ekki eru ætlaðar til næturgingistar á svæðinu á kvaða um styrkingar.

Það hefur ekki verið nein ásókn í löðir í Engidal undanfarna áratugi og nokkuð augljóst að mínu mati að svo verði áfram vegna þessara kvaða.

Miðað við ofanritað tel ég að erindið falli undir 6. grein reglugerðar um gatnagerðargjöld um sérstakar aðstæður og því hafi sveitarstjórn lækkunarheimild þrátt fyrir að bæjarritari sé á öðru málí.

Virðingarfyllst

f.h. Aðstaða sf.

Ómar Helgason

